

Stjórnarfundur FFLS

priðjudagur 23. febrúar 2016

Mættir: Þórhallur Jóhannsson, Lárus Arnar Sölvason, Gunnar Ólafsson og María Pálsdóttir.

Niðurstöður fundar með bæjaryfirvöldum vegna umferðaröryggis í Baugshlíð og bílastæða við Höfðaberg: Þórhallur fundaði fyrir hönd stjórnar. Fram kom á fundinum að fyrirhugað er að framkvæmdir varðandi fjölgun bílastæða og uppsetning hringakstursleiðar með sleppistæðum við Höfðaberg fari í útboð á næstu vikum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í sumar og verði kláraðar fyrir haustið áður en skólahald hefst að nýju. Þórhallur teiknaði upp þær hugmyndir sem eru í vinnslu, endanleg útfærsla liggur ekki fyrir en áætlað er að stæðum gæti fjölgað um 10-12, hringaksturleið muni gera skólarútu kleift að keyra upp að Höfðabergi og einnig verður stæðið fyrir fatlaða fært nær hliðinu inn á skólalóðina. Þórhallur bað einnig um að merkingar verði settar á stéttina fyrir fram hliðið til að bílar væru ekki að leggja þar upp á og að það verði gert sem fyrst. Varðandi Baugshlíð þá óskaði Þórhallur fyrir hönd foreldrafélagsins að 30 km hámarkshraðasvæðið væri stækkað frá núverandi stað við hringtorg hjá Þrastarhöfða og fært út að hringtorgi við Klapparhíð þar sem þetta væri í raun eitt skólasvæði/leiksvæði. Það verður skoðað en mögulega þarf það að fara í deiliskipulag. Þórhallur kom einnig á framfæri athugasemdum varðandi gangbrautir yfir Baugshlíð, sitthvorum megin við hringtorgið við Þrastarhöfða, sem eru ómerktar. Skoðað verður með merkingar og hugsanlega að loka annari gangbrautinni sem er sömu megin og gangbrautarljósín og þannig beina gangandi vegfarendum yfir götuna á ljósunum. Einnig þarf að skoða varðandi gangbrautarvörslu þar og hugsanlegar bæta við hraðahindrun eða blikkandi hraðamælingaskilti. Þetta hefur ekki verið útfært en Þórhallur mun setja upp tillögu að bréfi til að senda á bæjaryfirvöld þar sem hugmyndir foreldrafélagsins að umbætum verði útlistaðar.

Samantekt af fundi með skólastjóra þann 1. febrúar síðastliðinn: Áttum góðan fund með Jóhönnu um almenna vellíðan barna, eineltismál og allskyns verkefni sem eru í gangi varðandi forvarnarstarf o.fl. Góð mæting var frá foreldrafélaginu, samtals sex úr stjórninni. Helstu punktar eru að búið er að bregðast við hávaða í mótuneyti með betri borðum og stólum, nýr borðbúnaður sem ekki glamrar eins mikið í og einnig er verið að útbúa m.a. þæfðar ullarkúlur til að dempa hávaða enn meira. Eineltiskannanir eru framkvæmdar árlega og niðurstöður þeirra benda til þess að þeim málum fari fækkandi. Jóhanna fór einnig yfir önnur verkefni er hafa forvarna, upplýsinga og skemmtanagildi fyrir börnin. Rætt var um aðkomu foreldrafélagsins í einhverjum verkefnum sem það mun skoða betur í framhaldinu.

Páskabingó: Ákveðið hefur verið að halda bingó laugardaginn þann 12. mars. Farið verður strax í að safna vinningum, ekki bara páskaeggjum heldur einnig t.d. kalkún, lambalæri og/eða öðrum páskamat. Leitast verður eftir því frá páskaeggjaframleiðendum að fá egg gefins eða a.m.k. keypt á góðum afslætti. Reynt verður að hafa 10 veglega vinninga og slatta af páskaeggjum til að eiga ef fleiri en einn fá bingó. Einnig var ákveðið að athuga með að hafa eitthvert skemmtiatriði í hléinu, María skoðar það. Lárus ætlar að athuga með vinninga frá nokkrum fyrirtækjum s.s. Eldingu og Mosfellsbakarí. Þórhallur athugar með kalkún og Gunnar athugar hjá Nova, sími kannski og/eða bíómiðar. Heyrt verður svo í hinum

stjórnarmeðlimunum og athugað þeirra sambönd til að redda vinningum. Þórhallur ætlar einnig að finna fyrirtækjalistann frá síðasta bingó og senda á stjórnina sem og að hafa samband við skólayfirvöld til að bóka salinn og athuga með 10. bekkinga varðandi kaffisölu í hléinu.

Fulltrúaráðsfundur í vor: Ákveðið hefur veirð að halda foreldrafund í apríl. Varðandi dagskrá þá nefndi Þórhallur að gott væri að kynna lagabreytingartillögur á fulltrúaráðsfundi og fá stuttar umræður svo hægt væri að kjósa um þær á aðalfundi næsta hausts. Skýra þarf m.a. betur í lögnum hvernig fulltrúar eru kosnir fyrir hönd foreldra í skólaráð og FGMOS. Einnig hefur verið rætt að fá Sabine sem Ólöf sagði frá á síðasta stjórnarfundi til að kynna fyrir foreldrum það sem hún kallar Færni til framtíðar. Einnig var ákveðið að kanna hvort fleiri kandiðata sem gætu gætu trekt að væru lausir; t.d. Þorgrímur Þráinsson, Ragnar Hansson, Kristín Heiða – fleiri? Ætlum að leggja hausinn í bleyti og ræða betur á næsta stjórnarfundi.

Önnur mál: – Fleira ekki rætt og fundi slitið.